



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 19. desember 2019
1912012 RH

Efni: Athugasemdir við samgönguáætlun

Vísað er til tillögu að þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.

Á 343. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar, 11. desember 2019 var eftirfarandi bókun staðfest samhljóða:

Bæjarstjórn Vesturbyggðar gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki skuli vera gert ráð fyrir framlögum til Bildudalsvegar fyrr en á 2. tímabili áætlunarinnar 2025-2029. Bæjarstjórn Vesturbyggðar gerir þá skýlausa kröfu að framkvæmdir við Bildudalsveg verði færðar á 1. tímabil áætlunnar og fari fram samhliða framkvæmdum á Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði á 1. tímabili áætlunnar.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar því að veitt séu framlög til Bildudalshafnar en bendir á að sú framkvæmd leysir aðeins að litlu leyti þann mikla skort sem er á athafnarsvæði og hafnarstöðu við Bildudalshöfn. Bæjarstjórn Vesturbyggðar itrekar því mikilvægi þess að veitt verði frekari framlög til hafnarframkvæmda svo tryggja megi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem fer fram á Bildudal og fyrirhuguð er.

Þá lýsir bæjarstjórn Vesturbyggðar yfir vonbrigðum með að í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir undirbúningi jarðgangaf framkvæmda á sunnanverðum Vestfjörðum. Á 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga 25. og 26. október 2019 var ályktað um mikilvægi þess að gert væri ráð fyrir frekari jarðgangakostum á Vestfjörðum með áherslu á sunnanverða Vestfirði. Bæjarstjórn Vesturbyggðar itrekar því mikilvægi þess að unnið verði að undirbúningi jarðgangakosta á Vestfjörðum, þ.e. jarðgöng undir Hálfán, Mikladal og Kleifaheiði.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar því að aukin framlög verði veitt til viðhalds á vegakerfinu með áherslu á styrkingar, endurbætur og viðhaldi á bundnu slitlagi. Vegna aukinna þungaflutninga er mikilvægt að vegur um Mikladal og Hálfán og vegurinn inn í þorpið á Bildudal (Dalbraut) verði viðhaldið. Samkvæmt úttekt



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Vegagerðarinnar á klæðningum á Vestfjörðum í júní 2019 er Bildudalsvegur 100% ónýtur vegur og þarfnast endurbyggingar og styrkingar. Bæjarstjórn ítrekar því mikilvægi þess að viðhaldsfé verði tryggt í þessa vegakafla.

Tilkynnist þetta hér með.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

Rebekka Hilmarisdóttir
Rebekka Hilmarisdóttir
Bæjarstjóri